

## REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2023/2419

2024/EES/34/24

frá 18. október 2023

## um merkingar á lífrænt framleiddu gæludýrafóðri (\*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Með hliðsjón af markmiðum sameiginlegu landbúnaðarstefunnar (CAP) um að tryggja sanngjarnar tekjur fyrir bændur og um að bregðast við kröfum samfélagsins varðandi matvæli og heilbrigði er vaxandi eftirspurn neytenda eftir lífrænt ræktuðum vörum tækifæri til frekari stækkunar á geira gæludýrafóðurs og til tekjuaukningar fyrir bændur sem stunda lífræna framleiðslu. Viðurkenning á því að geiri gæludýrafóðurs hefur hlutverki að gegna við að stuðla að markmiðunum í Græna samkomulaginu í Evrópu sem og viðurkenning á nýjum ráðstöfunum um merkingu, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, og samræmdri notkun á kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu ætti að hjálpa til við að þróa og efla geira gæludýrafóðurs, bæði með sölu afurða til neytenda sem hafa í huga lífrænt framleitt innihald varanna sem þeir kaupa og með tækifæri til að skapa virðisauka fyrir lífrænt framleiddar aukaafurðir og samafurðir. Geiri gæludýrafóðurs ætti því að geta stuðlað að því að auka, þó að í hóflegum mæli sé, landbúnaðarland til lífræns búskapar í Sambandinu fyrir 2030 eins og gert er ráð fyrir í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 19. apríl 2021 um aðgerðaáætlun um þróun lífrænnar framleiðslu.
- Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 (3) er mælt fyrir um reglur um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara. Sú reglugerð gildir bæði um fóður fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til mannelis og um fóður fyrir gæludýr, þ.e. gæludýrafóður. Samkvæmt þeirri reglugerð er heimilt að leyfa innihaldsefni úr landbúnaði sem eru ekki lífrænt ræktað í allar tegundir lífrænt ræktaðs fóðurs en ekki er hægt að nota hugtak sem vísar til lífrænnar framleiðslu í vörulýsingunni ef innihaldsefni úr landbúnaði eru ekki öll lífrænt ræktað, óháð því að hve miklu leyti sú er raunin. Enn fremur getur slíkt fóður ekki borið kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu. Af þessum sökum eru lokaneytendur ekki upplýstir beint um fylgni vörunnar við reglur um lífræna framleiðslu.
- Rekstraraðilar eru upplýstir um samsetningu og hlutfall lífrænt framleiddra innihaldsefna, innihaldsefna í aðlögun og innihaldsefna sem eru ekki lífrænt framleidd í fóðurböndu í samræmi við lið 2.1.2 í III. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848. Á hinn bóginn, þegar fóður er selt beint á smásölustigi til lokaneytenda, eru sem stendur engar reglur sem varða veitingu upplýsinga um lífrænt framleidd innihaldsefni í fóðurböndu ef innihaldsefni úr landbúnaði eru ekki öll lífrænt framleidd. Tilvist innihaldsefna sem er ekki úr lífrænum landbúnaði á einkum við fyrir gæludýrafóður. Upplýsa ætti lokaneytendur á viðeigandi hátt um samsetningu gæludýrafóðurs sem inniheldur bæði innihaldsefni sem eru úr lífrænum landbúnaði og innihaldsefni sem eru ekki úr lífrænum landbúnaði og stuðla þannig að tiltrú neytenda og sanngjarnri samkeppni milli rekstraraðila í geira gæludýrafóðurs.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2023/2419, 27.10.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2024 frá 15. mars 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB C 140, 21.4.2023, bls. 55.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 12. september 2023 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 9. október 2023.

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 (Stjtið. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1).

- 4) Áður en beiting reglugerðar (ESB) 2018/848 hófst og í samræmi við 5. mgr. 95. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 <sup>(4)</sup> höfðu tiltekin aðildarríki fastsett landsreglur eða viðurkennt einkastaðla sem gerðu það kleift að nota hugtak sem vísar til lífrænnar framleiðslu í vörulýsingu á gæludýrafóðri þegar a.m.k. 95% (massahlutfall) af innihaldsefnum vörunnar úr landbúnaði voru lífræn sem endurspeglaði reglurnar fyrir unnin matvæli úr lífrænni framleiðslu.
- 5) Að því er varðar upplýsingar til neytenda, samkvæmni og gagnsæi á markaði og til að örva notkun á lífrænt framleiddum innihaldsefnum ætti einnig að gera það kleift, við tiltekin skilyrði, að vísa til lífrænnar framleiðslu í vörulýsingunni og í listanum yfir innihaldsefni í gæludýrafóðri. Reglurnar um merkingu á lífrænt framleiddu gæludýrafóðri á vettvangi Sambandsins ættu því að endurspeglar reglurnar um lífrænt framleidd matvæli þar eð báðir flokkar vara eru aðallega seldir á smásölustigi til lokaneytenda.
- 6) Af þessum sökum þykir rétt að kveða á um kröfur um merkingu fyrir gæludýrafóður sem teljast vera önnur sértæk lög Sambandsins sem varða setningu vara á markað að því er varðar 5. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848. Þar eð gæludýrafóður er fóður fyrir tiltekinn flokk dýra ættu ákvæðin í reglugerð (ESB) 2018/848 sem gilda um fóður að gilda áfram um gæludýrafóður, einkum þau sem varða framleiðslu, vottun, eftirlit, setningu á markað og viðskipti við þriðju lönd.
- 7) Veita ætti upplýsingar um fylgni við reglur um lífræna framleiðslu með hugtökunum sem vísa til lífrænnar framleiðslu í vörulýsingu og í listanum yfir innihaldsefni sem og með notkun kennimerkis Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu. Til að stuðla að vitund um fylgni við reglur um lífræna framleiðslu ætti kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu að vera skyldubundið fyrir allt forpakkað gæludýrafóður sem er í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/848 og við þessa reglugerð og framleitt innan Sambandsins eins og á við um forpökkuð matvæli skv. b-lið 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848.
- 8) Til að stuðla að frekari þróun á geira gæludýrafóðurs þykir rétt að innleiða sértæk ákvæði um merkingu á lífrænt framleiddu gæludýrafóðri, um notkun hugtaka sem vísa til lífrænnar framleiðslu í vörulýsingu og í listanum yfir innihaldsefni og um notkun á kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu. Einnig ætti að mæla fyrir um sérstök ákvæði um merkingar til að gera lokaneytendum kleift að bera kennsl á lífrænt framleidd innihaldsefni sem eru notuð í vörur sem eru aðallega úr innihaldsefni sem á rætur sínar að rekja til veiða eða fiskveiða, að því tilskildu að öll önnur innihaldsefni úr landbúnaði séu lífrænt framleidd.
- 9) Eftir 1. janúar 2022 héldu rekstraraðilar áfram að merkja gæludýrafóður í samræmi við landsreglur eða einkastaðla vegna takmarkaðs aðgengis að tilteknu nauðsynlegu innihaldsefni úr landbúnaði í lífrænu formi, s.s. tilteknum fódurefnum og fóduraukefnum til að auka bragðgæði gæludýrafóðurs eða til að tryggja næringargildi. Því er rétt að heimila fullnýtingu vörubirgða sem hafa verið merktar í samræmi við þessar landsreglur eða þessa einkastaðla sem aðildarríkin hafa samþykkt eða viðurkennt í samræmi við 5. mgr. 95. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008 milli 1. janúar 2022 og gildistökudags þessarar reglugerðar.
- 10) Rétt þykir að kveða á um frestun á gildistökudegi skyldunnar til að nota kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu á merkingu forpakkaðs gæludýrafóðurs til að gera rekstraraðilum kleift að búa sig að öllu leyti undir beitingu nýju krafanna um merkingu.
- 11) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að samþykkja samræmdar reglur um merkingu lífrænt framleidds gæludýrafóðurs, en því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópu-sambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.

<sup>(4)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

### **Efni**

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um sértækar kröfur um merkingu á gæludýrafóðri sem er framleitt í samræmi við reglur sem varða lífræna framleiðslu á fóðri sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2018/848.

Þessi reglugerð telst vera önnur sértæk lög Sambandsins sem varða setningu vara á markað að því er varðar 5. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848.

*2. gr.*

### **Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „gæludýrafóður“: fóður í skilningi 46. liðar 3. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 sem er ætlað fyrir gæludýr eins og þau eru skilgreind í f-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 <sup>(5)</sup>,
- 2) „forpakkað gæludýrafóður“: vörueining með gæludýrafóðri sem er kynnt sem slík til lokaneytenda og samanstendur af gæludýrafóðri og þeim umbúðum sem það var sett í áður en það var boðið til sölu, hvort sem slíkar umbúðir umlykja gæludýrafóðrið algerlega eða einungis að hluta til, en alltaf þannig að ekki sé hægt að breyta innihaldinu án þess að opna eða breyta umbúðunum; hugtakið „forpakkað gæludýrafóður“ nær ekki til gæludýrafóðurs sem er pakkað í umbúðir á sölustað að beiðni lokaneytandans eða gæludýrafóðurs sem er forpakkað til beinnar sölu.

*3. gr.*

### **Notkun hugtaka sem vísa til lífrænnar framleiðslu á merkingu gæludýrafóðurs**

1. Að því er varðar gæludýrafóður er heimilt að nota hugtökin sem um getur í 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848:

a) í vörulýsingunni og listanum yfir innihaldsefni að því tilskildu að:

- i. gæludýrafóðrið sé í samræmi við ítarlegu framleiðslureglurnar sem settar eru fram í V. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 og við tæknina við vinnslu sem mælt er fyrir um í samræmi við 3. mgr. 17. gr. sömu reglugerðar og
- ii. að minnsta kosti 95% (massahlutfall) af innihaldsefnum vörunnar úr landbúnaði séu lífræn,

b) einungis í listanum yfir innihaldsefni að því tilskildu að:

- i. innan við 95% (massahlutfall) af innihaldsefnum vörunnar úr landbúnaði séu lífræn og að þessi innihaldsefni séu í samræmi við framleiðslureglurnar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2018/848,
- ii. einungis fóðuraufefni og hjálparefni við vinnslu sem eru leyfð skv. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 séu notuð við vinnslu gæludýrafóðursins og
- iii. gæludýrafóðrið sé í samræmi við ítarlegu framleiðslureglurnar sem settar eru fram í liðum 1.5, 2.1, 2.2 og 2.4 í V. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 og við tæknina við vinnslu sem mælt er fyrir um í samræmi við 3. mgr. 17. gr. sömu reglugerðar.

<sup>(5)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB (reglugerðin um setningu fóðurs á markað) (Stjttíð. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1).

2. Að því er varðar gæludýrafóður sem inniheldur innihaldsefni sem eiga rætur sínar að rekja til veiða eða fiskveiða er heimilt að nota hugtökin sem um getur í 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 í vörulýsingunni og listanum yfir innihaldsefni að því tilskildu að:

- a) helsta innihaldsefnið sé afurð veiða eða fiskveiða,
- b) í vörulýsingunni séu þessi hugtök greinilega tengd við lífrænt framleitt innihaldsefni, annað en aðalinnihaldsefnið,
- c) öll önnur innihaldsefni úr landbúnaði séu lífræn,
- d) einungis fóðuruakefni og hjálparefni við vinnslu sem eru leyfð skv. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 séu notuð við vinnslu gæludýrafóðursins og
- e) gæludýrafóðrið sé í samræmi við ítarlegu framleiðslureglurnar sem settar eru fram í liðum 1.5, 2.1, 2.2 og 2.4 í V. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 og við tæknina við vinnslu sem mælt er fyrir um í samræmi við 3. mgr. 17. gr. sömu reglugerðar.

3. Í listanum yfir innihaldsefni, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal tilgreina hvaða innihaldsefni eru lífræn. Tilvísanir í lífræna framleiðslu mega einungis koma fram í tengslum við lífrænt framleidd innihaldsefni.

4. Í listanum yfir innihaldsefni, sem um getur í b-lið 1. mgr. og í 2. mgr., skal gefa upp heildarhlutfall lífrænt framleiddra innihaldsefna í hlutfalli við heildarmagn innihaldsefna úr landbúnaði.

5. Hugtökin sem um getur í 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 og upplýsingarnar um hlutfallið sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar skulu birtast í sama lit, sömu stærð og leturgerð og aðrar merkingar í listanum yfir innihaldsefni sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

4. gr.

#### **Notkun á kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu á merkingu gæludýrafóðurs**

1. Einungis er heimilt að nota kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu, sem um getur í 33. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, í merkingum, framsetningu og auglýsingum á gæludýrafóðri sem er í samræmi við skilyrðin sem um getur í a-lið 1. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar.

2. Ef um er að ræða forpakkað gæludýrafóður sem uppfyllir skilyrðin sem um getur í a-lið 1. mgr. 3. gr. skal kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu koma fram á umbúðunum.

5. gr.

#### **Umbreytingarráðstafanir**

Heimilt er að setja lífrænt framleitt gæludýrafóður, sem er merkt í samræmi við landsreglur eða, ef þeim er ekki fyrir að fara, einkastaðla sem aðildarríkin hafa samþykkt eða viðurkennt í samræmi við 5. mgr. 95. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008 milli 1. janúar 2022 og 30. október 2023, á markað þar til birgðir eru uppnar.

6. gr.

#### **Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Þó skal 2. mgr. 4. gr. gilda frá og með 1. maí 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 18. október 2023.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

R. METSOLA

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

J. M. ALBARES BUENO

*forseti.*

---